



breyttir kennsluhættir



Breyttir kennsluhættir
hugmyndafræðin að baki spjaldtölvuverkefni
grunnskóla í Kópavogi

spjaldtolvur.kopavogur.is
2016

Hönnun og umbrot:
Eyþór Bjarki Sigurbjörnsson

Allar myndir eru í eigu höfunda.

Rit þetta má afrita, svo sem með ljósmyndun,
prentun, hljóðritun eða á annan hátt, að hluta eða heild
án skriflegs leyfis höfunda.

Breyttir kennsluhættir
hugmyndafræðin að baki spjaldtölvuverkefni
grunnskóla í Kópavogi

Björn Gunnlaugsson
Eyþór Bjarki Sigurbjörnsson
Kristín Björk Gunnarsdóttir
Sigurður Haukur Gíslason



Efnisyfirlit

Inngangur.....6

1, KAFLI KENNARINN

Staðan.....	10
Hugmyndafræðin.....	12
Markmiðin.....	16
Leiðirnar.....	18
FRAMTÍÐIN.....	20

2. KAFLI NEMANDINN

Staðan.....	24
Hugmyndafræðin.....	28
Markmiðin.....	30
Leiðirnar.....	32
FRAMTÍÐIN.....	34

3. kafli

Foreldrið og Forráðamaðurinn	
Staðan.....	38
Hugmyndafræðin.....	40
Markmiðin.....	42
Leiðirnar.....	44
FRAMTÍÐIN.....	46

LOkaorð.....48



inngangur

RÞetta er aðallega ætlað kennur-
m, nemendum og foreldrum
og forráðamönnum nemenda í
Kópavogi til útskýringar á þeirri hug-
myndafræði sem liggur að baki inn-
leiðingar á breyttum kennsluháttum.

Hlutverk skólanna er lögum sam-
kvæmt að stuðla að alhliða þroska allra
nemenda svo þeir verði betur í stakk
búnir undir þátttöku í lýðræðis-
þjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Að
mörgu leyti hefur skólasamfélaginu
tekist að vera sveigjanlegt, opið og
lifandi en því miður eru fletir á starf-
inu sem hafa lítið breyst undanfarna
áratugi. Sem dæmi hefur innleiðing
tækni í nám, menntun og kennslu
verið takmörkuð. Kennsluhættir eru
að vissu leyti enn markaðir af innlögn-
um og áherslan á bóknám er enn of
mikil á kostnað t.d. sköpunar.

Innleiðing breyttra kennsluhátta er
skref í átt til breyttra tíma. Verið er að
endurskilgreina stöðu kennarans, það

hvernig á að kenna og opna á annað
form á námi. Einnig er verið að opna
á aukin samskipti milli heimilis og
skóla en síðast en ekki síst er verið að
reyna að breyta skólanum þannig að
hann ndurspegli það samfélag sem
nemendur koma til með að starfa í.
Ritið skiptist í þrjá kafla. Fyrsti kafl-
inn snýr að kennaranum, sá næsti að
nemandanum og sá þriðji að for-
eldrum og forráðamönnum.

Þess ber að geta að sú hugmynda-
fræði sem hér birtist er unnin í sam-
ræmi við skólastefnu Kópavogsbæjar
en nánari útfærsla var í höndum
innleiðingarhóps verkefnisins. Hóps
sem samanstendur af fólki sem eru
bæði foreldrar og kennarar og býr yfir
mikilli reynslu og menntun á sviði
skólamála. Hugmyndafræðin er því
byggð á skilgreindri stefnu skóla-
nefndar Kópavogs, reynslu, mennt-
un, kennslufræðilegum kenningum,
rannsóknnum og tiltekinni framtíðarsýn
sem einfalt er rökstyðja gerist þess þörf.



FYRSTI KAFLI

KENNNARINN



Staðan

Kennarar standa á tímamótum því ljóst er á mörgu að starfið í skólunum er ekki í takt við þarfir samfélags þar sem börn fæðast og mótast inn í umhverfi sem er undirlagt tækni. Sjónvarpið er nú fjölmiðlunartæki (netið, sjónvarp, útvarp o.fl.), snjalltækjæign er almenn og sjálf sögð og á heimilum eru í mörgum tilfellum nettengdar leikjatölvur, spjaldtölvur og fartölvur. Afleiðingin er gerbreytt mynstur í upplýsingamiðlun og læsi.

Þar fyrir utan byggir atvinnulífið stöðugt meira á tækni og tækniþenjandi fólki sem er leitandi í þekkingaröflun sinni en hefur á sama tíma mikla aðlögunarhæfileika og sýnir frumkvæði og sjálfsöryggi til samstarfs og samvinnu.

auki er námsvinna nemenda í skólunum oft ekki í mikilli snertingu við daglegt líf þeirra.

Kennarar dagsins í dag fengu flestir annað menntunaruppeldi en nú er þörf á. Kennarinn sem kennir að miklu leyti eins og honum var kennt er þá að beita aðferðum sem hentuðu vel inn í heim sem var, en er ekki lengur. Þar að auki eru gildin bæði innan og utan skólasamfélagsins þess eðlis að bóknám (þ.e. hið svonefnda akademíska nám) er upphafið á kostnað skapandi og verklegra greina. Þeir nemendur sem eru góðir á bókina og kunna að taka próf eru alla jafna metnir sem framúrskarandi og til fyrirmyndar á meðan þeir sem eru skapandi og frumlegir eða hafa verkvit fá ekki eins

NEMENDUM ER GERT AÐ FARA INN Í HEIM SEM ER AÐ HVERFA

Engu að síður bíður flestra nemenda bók og blýantur sem algengustu vinnutæki í skólunum. Nemendum er gert að fara inn í heim sem er að hverfa þrátt fyrir að verið sé að mennta þá til framtíðar og að meirihluti þeirra muni að öllum líkindum gegna störfum sem eru ekki til í dag. Þar að

mikla athygli og rými. Lítil eftirspurn er hinsvegar eftir vinnuafli sem er mjög fært í akademískum vinnubrögðum nema á afmörkuðum sviðum líkt og í skólasamfélaginu sjálfu. Að sama skapi er ekki einungis verið að horfa framhjá skapandi nemendum, heldur er einnig verið að skerða tækifæri þeirra sem eru góðir á bókina

vegna þess að þeir nemendur finna öryggi í bóknáminu og loka oftast en ekki á aðrar tjáningarleiðir. Niðurstaðan er að núverandi form menntunar þjónar engum nemendum eins og það á að gera, það upphefur þá sem tileinka sér eldri og úrelt gildi en fóstrar því miður ekki nægilega vel skapandi einstaklinga.

Til einföldunar má segja að skólakerfið styður við og reynir að þroska þætti sem lítil eftirspurn er eftir. Það að nema og kenna á akademískan hátt á ekki að vera meginsteifið. Ástundun slíkra vinnubragða er rétt upp að vissu marki en fullyrða má að sú mikla áhersla á akademísk nám sem ríkir í íslensku skólasamfélagi gangi að stórum hluta út á að verið er að

Litlar breytingar hafa því orðið á kennslufræðinni sem slíkri þrátt fyrir að þekking okkar og færni hafi aukist. Vissulega hafa orðið breytingar en þær snúa mest að utanumhaldi námsins, meira aðgengi foreldra að kennurum og aukinni tækni handa kennurum. Lítið hefur verið hugsað um að efla þátt nemenda - hópsins sem allt skólastarf snýst um – eða að laga skólastarfið að þörfum nútíma samfélags. Eins og staðan er í dag er nemendum ætlað að aðlagast skólunum fyrst og svo atvinnulífnum. Þetta er ekki heildstætt og eðlilegt flæði.

Skólarnir eiga að endurspegla þarfir samfélagsins og búa nemendur undir raunverulegar aðstæður ásamt því að rækta alla þá hæfileika sem búa í

SKÓLAKERFIÐ STYÐUR VIÐ ÞÆTTI SEM LÍTIL EFTIRSPURN ER Í SAMFÉLAGINU

viðhalda og upphefja sérstæðan heim sem finnst varla nema í skólunum sjálfum. Skólakerfið er í raun að næra sjálft sig en ekki að þjóna nemendum og samfélaginu í heild eins og því er ætlað að gera samkvæmt lögum og námskrám.

hverjum og einum. Skólans er að vera skapandi og uppbyggjandi, heit kvika sem hreyfist og andar í takt við þarfir samfélagsins á eins skilvirkan hátt og hægt er hverju sinni.

hugmyndafræðin

Breyting á kennsluháttum á sér
stöðdraganda. Lengi hefur verið stefnt
að merkingabærara skólakerfi á Íslandi.
Margt gott hefur verið unnið í
gegnum tíðina og margar tilraunir
gerðar til breytinga. Flestar breyting-
arnar hafa verið smávægilegar og haft
áhrif á afmörkuð svið skólustarfsins,
t.d. varðandi tiltekna námsgreinar
(sbr. stærðfræði og íslensku) eða þær
hafa snúið að vissum þáttum í starf-
semi skólanna (samanber Heilsu-
eflandi skóli og Grænfáni). Stærsta
breytingin undanfarin ár var inn-
leiðing stefnunnar Skóli án aðgrein-
ingar en sú stefna byggir á að allir eigi
jafnan rétt til náms við hæfi.

En þegar breytingar undanfarinna ára
eru skoðaðar þá kemur í ljós að heild-

Skólakerfið hefur lengi verið markað
af iðnbyltingunni þar sem markmiðið
var að framleiða vöru á skilvirkan hátt
með litlum tilkostnaði. Nemendur eru
vinnuafli sem mennta þarf inn í fyrir-
fram ákveðinn og mótaðan veruleika.
Við sjáum þetta víða t.d. þar sem einn
kennari er með stóran bekk í lokuðu
rými og allir nema það sama á sama
tíma á sömu forsendum.

Upplýsingabyltingunni fylgja hins
vegar nýjar þarfir og vinnuáferðir
sem þýðir að menntunarkröfur hafa
breyst. Lykilþættir eru ekki lengur
framleiðni og skilvirkni heldur
frumkvæði, gagnrýnin og skapandi
hugsun, hugvit, hugmyndaauðgi,
samvinna, miðlalæsi o.s.frv. Því
nú tíminn og framtíðin byggir og mun

HEILDSTÆÐ OG GAGNGER BREYTING Á KENNSLUHÁTTUM ER EKKI OFARLEGA Á BLAÐI

stæð og gagnger breyting á kennslu-
háttum er ekki ofarlega á blaði. Vissu-
lega hafa verið gerðar tilraunir til
breytinga en þær hafa sjaldnast náð
að festast í sessi. Alla jafna snúast
breytingar á skólastarfi um formið.
Kjarninn er að mörgu leyti ósnertur og
óbreyttur og hefur verið það í langan tíma.

byggja á rannsóknum, vísindastörfum
og nýsköpun í list- og verkgreinum.

Á sama tíma gilda lög um grunn-
skólann. Þar segir m.a. (2. grein):

Hlutverk grunnskóla, í samvinnu við
heimilin, er að stuðla að alhliða þroska
allra nemenda og þátttöku þeirra í

Lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Starfshættir grunnskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, kristinni arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi. Þá skal grunnskóli leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.

Grunnskóli skal stuðla að víðsýni hjá nemendum og efla færni þeirra í íslensku máli, skilning þeirra á íslensku samfélagi, sögu þess og sérkennum, högum fólks og á skyldum einstaklingsins við samfélagið, umhverfið og umheiminn. Nemendum skal veitt tækifæri til að nýta sköpunarkraft

sem hann er ekki að nægilega miklu leyti í dag. Með innleiðingu breyttra kennsluhátta gefst skólasamfélaginu tækifæri til að taka stefnuna í rétta átt. Tæknin og tækninotkun er drifkraftur breytinganna og með henni er hægt að brjóta upp menntunarkerli sem er löngu úr sér gengið.

Allt snýst þetta í grunninn um að miðla með einum eða öðrum hætti en í öllum tilfellum eru það dreifileiðirnar sem skilgreina miðilinn. Nú höfum við aðrar og fjölbreyttari dreifileiðir en áður og því er mikilvægt að skilja að miðlarnir hafa breyst.

Hugmyndafræðin byggir á því að opna dyr inn í heim nemenda og jafnframt leitast við að skilja þarfir at-

TÆKNIN OG TÆKNINOTKUN ER DRIFKRAFTUR BREYTINGANNA

sinn og að afla sér þekkingar og leikni í stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið skal leggja grundvöll að frumkvæði og sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfra hæfni þeirra til samstarfs við aðra.

Ljóst er að skólanum er samkvæmt lögum ætlað að vera kvika breytinga

vinnulífsins og samtvinna þetta tvennt við nám, menntun og kennslu. Svo nokkur dæmi séu nefnd er ætlunin að opna á kennsluhætti listgreina (þ.e. að gera nemendur ábyrgari fyrir eigin námi o.fl.). Efla þarf skapandi skólastarf og minnka vægi bóknáms, auka samvinnu milli nemenda, milli kennara og milli nemenda og kennara.

Fjölga þarf verklegum æfingum, nýta þarf innlifunaraðferðir og efla tjáningu. Beita þarf í kennslu leitaraðferðum, þrautalausnum og hópavinnu. Efla þarf sjálfstæð og skapandi vinnubrögð og minnka vægi innlagnarkennslu og síðast en ekki síst þarf að brjóta upp námsmat og hverfa frá stórum lokaprófum.

Þannig er stefnt á að gera námið skemmtilegra, valdefla nemendur með því að leyfa þeim að fara eigin leiðir að markmiðum, auka einstaklingsmiðun, brjóta upp og endurskilgreina kennslurými, auka samstarf

við foreldra o.s.frv. Almennst snýst hugmyndafræðin um að virkja nemendur á fjölbreyttari vegu, auka hlut þeirra í náminu og nýta tæknina til að opna á meira skapandi nám og þá um leið aðra kennsluhætti.

Ef ekkert verður gert mun gjáin milli skólanna og samfélagsins einungis verða breiðari og nemendur munu líða fyrir.

TEKNI MUNDGERKENNARA ÓPARFA
ENKENNARASEMJEKINÝTATEKNI NA
VERÐA ÓPARFIR

markmiðin

Innleiðing breyttra kennsluhátta í Kópavogi byggir á mörgum markmiðum. Þau helstu snúa að valdeflingu nemandans, aukinni sköpun í skólastarfi, merkingarbærari skóla fyrir nemendur og síðast en ekki síst er verið að færa skólastarf til nútíðar.

Helstu markmið eru því þau að:

✦ Innleiða breytingar á kennsluháttum til framtíðar í allar námsgreinar á öllum aldurstigum, breytingar sem byggja á fjölbreytilegri verkefnavinnu þar sem verkefnin hafa skýr markmið og tengsl við samfélagslegar þarfir.

✦ Auka vægi stafrænnar borgaravitundar þannig að nemendur verði ábyrgir neytendur og gerendur í

✦ Námsmat verði í samræmi við nýja Aðalnámskrá og byggji sem minnst á lokaprófum. Stuðst verði við matskvarða, ferlimöppur, jafningjamat og símat svo einhver dæmi séu tekin.

✦ Nemendur fái aukið frelsi við að velja sér leiðir til úrlausna á verkefnum og taki meiri ábyrgð á námi sínu. Kennarinn verður áfram skipstjórinn en hvort skipinu er siglt með kolum, seglum, bensínmotor eða raforku skiptir ekki máli svo lengi sem kennarinn stýrir skipinu í höfn og nemendur vinna að þeim áföngum sem skilgreindir hafa verið.

✦ Efla til muna skapandi starf og innleiða kennslufræði listgreina í auknum mæli, þ.e. að nemendur þurfi að

NEMENDUR FÁI AUKIÐ FRELSI VIÐ AÐ VELJA SÉR LEIÐIR TIL ÚRLAUSNA Á VERKEFNUM

hinum stafræna heimi. Til þess þarf kennarinn að vera öflug fyrirmynd og stafræn borgaravitund þarf að flæða inn í alla námsþætti.

✦ Skólakerfið í Kópavogi verði í fremstu röð í hvaða samanburði sem er varðandi nám, kennslu og menntun.

vinna sjálfstætt, verkefnin séu raunhæf og nemendur þurfa að standa skil á verkefnum fyrir framan hóp.

✦ Auka samvinnu milli kennara, til dæmis í formi teymisvinnu ásamt því að námsgreinar eru samþættar í auknum mæli.

✿ Minnka vægi námsbóka og verk-
efnabóka og innleiða rafbækur eða
efni á vef.

✿ Kennarar hafi betri tök á að vera
námsgagnahöfundar og geti þar með
brotið upp námsefnið eins og þeim
hentar. Kennarinn á að stýra náminu
en ekki námsbókin.

✿ Auka samvinnu og upplýsingaflæði
milli heimilis og skóla.

✿ Spara pappír og innkaup á ýmsum
jaðartækjum s.s. smarttöflum, prent-
urum og ljósritunarvélum.

Leiðirnar

Breytingar á skólstarfi eru farsæl-
star þegar allir ganga í takt og
takast á við þær með jákvæðum og
opnum hug. Kennarar gegna lykil-
hlutverki í innleiðingu breyttra
kennsluhátta. Það er gríðarlega mikil-
vægt að hver og einn hugsí hlutina
upp á nýtt út frá því sem hér hefur
komið fram, skoði með gagnrýnum
hætti hvernig hlutirnir eru gerðir,
af hverju og hver útkoman er. Hver
og einn þarf að skilgreina fyrir hvað
hann eða hún stendur og hver mark-
miðin eru varðandi nám, menntun og
kennslu. Mikilvægt er að gefa nýrri
hugmyndafræði tækifæri og leita
eftir að skilja út á hvað breytingarnar
gangna. Allsstaðar í lífinu rekst fólk á
hindranir stórar sem smáar. Það er
mikilvægt að gefast ekki upp, leyfa

allt sem þeir geta til að efla og þroska
þá sem mest fyrir framtíðina. Mikil-
vægt er að muna að verið er að mennta
nemendur til þeirra framtíðar en ekki til
fortíðar kennarans eða uppalenda.

Stundum þegar við þurfum að til-
einka okkur nýjan hugsunarhátt getur
tilgangurinn virst óljós. Við vitum
hvað við höfum og það nýja getur
virkað sem ógn, óreiða eða breyting
breytinganna vegna. Ef við gefum
okkur tíma og skoðum og prófum, þó
ekki sé nema örlítið, vex skilning-
urinn smám saman. Ef við gefum
nýjum leiðum eða ferlum tækifæri
fara augu okkar að opnast og þá hefst
lærdómsferli. Við förum að upplifa
og skynja styrk og veikleika og smám

MIKILVÆGT ER AÐ GEFA NÝRRI HUGMYNAFRÆÐI TÆKIFÆRI

sér að gera mistök og ígrunda það
sem gekk illa, það sem gekk vel og
byggja á því jákvæða úr ferlinu. Gott
er að minna sig reglulega á að breyt-
ingarnar snúast í eðli sínu ekki um
kennarann eða persónu hans heldur
um nemandann og hagsmuni hans.
Skólinn er fyrir nemendur og því ber
kennurum og forsjármönnum að gera

saman öðlast hvert og eitt okkar meiri
skilning á möguleikum þess nýja
við fjölbreyttari aðstæður sem eykur
sjálfstraust og jákvæðni í garð breyt-
inganna. Samfara vaxandi sjálfs-
trausti fylgir hugrekki til að prófa og
að lokum verður notkunin frumleg
á nýjum sviðum, jafnvel sviðum sem
ekki var gert ráð fyrir í upphafi.

Kennarar eru ekki einir. Talsverður stuðningur hefur fylgt innleiðingunni, stuðningur sem hugsaður er til að sá fræjum og opna augu kennara.

Stuðningurinn hefur helst falist í:

✿ Námskeiðum að sumri og yfir skólaárið þar sem farið var í grunnatriði varðandi notkun tækisins og nokkur öpp sem geta nýst í kennslu.

✿ Kennslufræðilegum stuðningi þriggja kennsluráðgjafa.

✿ Námskeið á Skólapingi Kópavogs sem snerust um notkun á spjaldtölvum í kennslu.

✿ Facebookhópnum Spjaldtölvur í grunnskólum Kópavogs.

✿ Vefnum spjaldtolvur.kopavogur.is þar sem ýmsum gagnlegum upplýsingum er komið á framfæri.

✿ [Twitter-síðu](#) þar sem kennir ýmissa grasa.

✿ [Instagram-síðu](#) þar sem m.a. má sjá fréttir og ljósmyndir af ýmsum viðburðum tengdum verkefninu.

✿ [Vimeo-myndbandarás](#) þar sem sjá má ýmislegt er varðar verkefnið.

✿ [Flickr-síðu](#) þar sem sjá má ýmsar ljósmyndir er varða verkefnið.

✿ Upplýsingariti sem sent er reglulega í rafpósti til kennara og foreldra.

Framtíðin

Tengri tíma litið þarf að huga vel
ð því að festa breytingarnar í sessi
n fleira þarf að taka breytingum
en kennsluhættir.

Skoða þarf vel stöðu og hlutverk
bókasafna í skólunum, uppbyggingu
kennslustunda, samvinnu milli
kennara, flæði nemenda milli tíma,
skipulag kennslurýmis, húsgögn og
hönnun, hlutverk skólans í samfélag-
inu, stöðu foreldra o.s.frv.

Markmiðið er að heildarendurskoðun
fari fram á skólunum með tilliti til
þeirra þarfa samfélagsins sem byggir
í dag og mun í framtíðinni byggja á
vinnuafli sem er skapandi, sjálfstætt
í vinnubrögðum og óhrætt við að
takast á við nýjungar. Skólans er að

✿ Brjóta upp stundatöflur nemenda
og hætta að setja tilteknar náms-
greinar í tímabox.

✿ Endurhanna námsrými og náms-
aðstöðu þannig að nemendur geti
stundað nám með fjölbreyttum
aðferðum. Sem dæmi þarf að skapa
aðstöðu fyrir hópavinnu, einstalings-
vinnu, gæðastundir o.s.frv.

✿ Nýta rými skólanna betur. Eins
og staðan er í dag miðast viðvera
kennarans aðallega við kennarastofu
(starfsmannastofu) og kennslustofuna.
Kennarar eiga að vera fyrirmyndir
og því ættu þeir að sjást t.d. lesa á
göngum, vinna í bókasafninu eða í
almennum rýmum o.s.frv. Mikilvægt
er að ástunda það sem er boðað.

BÓKASAFN SKÓLANS Á LÍKA AÐ VERA VINNUSVÆÐI KENNARA

rækta með nemendum þessa þætti
og því þarf grunnskólinn að breytast.
Hann þarf að vera opnari og skapa
þarf fjölbreytt námsrými fyrir nem-
endur til að vinna ólík verkefni sem
reyna á og þroska ofangreinda þætti.

Til þess að svo megi verða þarf í ná-
inni framtíð að:

✿ Breyta hlutverki bókasafnanna í
skólunum. Bókasafnið á að vera opið
og aðgengilegt. Bókasafn skólans á að
vera vinnusvæði kennara og nem-
enda. Tengja þarf saman bókasafnið
og vinnuaðstöðu kennara þannig að
bókasafnið verði vinnusvæði allra og
þar með hjarta skólans.

✿ Stefna að aukinni þemakennslu þar sem styrkleikar hvers og eins fá notið sín.

✿ Auka vægi ýmiskonar verkefnavinnu þar sem fleiri en einn kennari kemur að hverju verkefni. Mikilvægt er að verkefnin hafi mikla skírskotun út í það samfélag sem bíður nemenda.

✿ Innleiða hugmyndafræði listgreina í kennslu, það er að nemendur þurfi að vinna tiltekin verk og geti rökstutt þær ákvarðanir og vinnulag sem liggja að baki. Nemendur þurfa að læra að koma fram og taka ábyrgð á sjálfum sér og náminu.



ANNAR KAFLI

nemandINN



staðan

Nemendur er sá hópur sem allt skólastarf er sniðið utan um. Án nemenda er ekkert til sem heitir skóli. En vissulega eru hóparnir sem koma að starfinu fleiri. Nægir að nefna foreldra og forráðamenn, starfsmenn, kennara, stjórnendur, ættingja, vörubirgja, yfirvöld menntamála o.s.frv. En skólinn er fyrst og fremst fyrir nemendur og sú staðreynd á ætíð að vera grunnur og forsenda alls skólastarfs.

Staða nemenda er margbreytileg og blæbrigðin eru jafn mörg og nemendur eru margir. Andinn í skólunum er misjafn og nemendur ýmissa þátta vegna misfrjálsir í tjáningu og námi. Engu að síður má fullyrða að því eldri sem nemendur eru því meiri tilhneiging er til þess að þeir vinni í bók og

að þreyta samræmd próf og svo hafa sumir kennarar tilhneigingu til að undirbúa nemendur fyrir framhaldsskóla þar sem bóknám hefur alla jafna verið í aðalhlutverki (það hefur reyndar breyst að einhverju leyti undanfarin ár og nám, kennsla og menntun einhverra skóla er orðin sveigjanlegri og nemendamiðaðri). Afleiðingin er að nemendur fara úr því að vera virkir gerendur í að vera þiggjendur fróðleiks, kunnáttu og færni. Segja má að frumkvæðið sé tekið af nemendum, ábyrgðin á náminu færist yfir á kennarann og afleiðingin er minni sköpun, minni samvinna milli nemenda, aukin einhæfni í námi og auknar líkur á leiða. Taka skal fram að verið er að horfa á bóknámsgreinar fyrst og fremst.

SKÓLINN ER FYRIR NEMENDUR OG SÚ STAÐREYND ER GRUNNUR ALLS SKÓLASTARFS

upp úr bók og taki lokapróf úr því námsefni. Minnkandi áhersla er á skapandi starf og því meiri á hið svonefnda akademíska nám. Rökin fyrir því eru margvísleg. Nemendur þurfa að komast yfir meira náms-efni, kostnaðurinn við skapandi og verklegt nám er talsverður borinn saman við bóknám, nemendur þurfa

Öll búum við yfir fjölbreyttum leiðum til að tjá okkur. Við búum yfir látbragði, svipbrigðum, talmáli, getunni til að teikna, mála, syngja og síðast en ekki síst höfum við yfir að búa eðlislægri forvitni sem leiðir okkur áfram og hefur gert okkur kleift að kanna ókunnar slóðir. Skólinn á að vera hvetjandi og þar á að rækta þessi

tjáningarform og efla þroska. Með innleiðingu á breyttum kennslu- háttum og notkun spjaldtölva gefst tækifæri til að gera breytingar og opna á fleiri og fjölbreyttari námsleiðir. Þar með ætti skólinn að verða skemmtilegri, námsleiði minni, námið fjölbreyttara og merkingarbærara og nær þörfum hvers og eins sem þýðir að hver og einn nemandi ætti að taka meiri ábyrgð á eigin námi.

En hvað hefur breyst? Hvað gerir það að verkum að nú er þörf á breytingum? Svárið er einfalt. Við búum nú að tækni sem býður upp á fjölbreyttara og rauhæfara nám en áður ásamt því að samfélagið kallar á annars konar þegna nú en áður var.

og lifnaðarhættir umturnast á mjög skömmum tíma.

Saga netsins hófst með tilkomu tölvunnar í kringum árið 1950. Super Mario er kominn á fertugsaldurinn en eldist vel og er mun stærri hluti af menningu yngri kynslóða en Nonni og Manni voru á árum áður. Fyrsti gemsinn kom á markað árið 1994 (IBM Simon). Facebook var stofnuð árið 2004. Fyrstu snjallsímarnir komu í búðir árið 2007. iPad kom fram 2010, sama ár birtist okkur Instagram og svona má áfram telja. Niðurstaðan er að sá heimur tækni, nets og snjalltækja sem virkaði fjarstæðukenndur á flesta um aldamótin er fyrir löngu orðinn veruleiki og hluti af menningu og sjálfsmynd yngri kynslóða. Sem

MARGT FULLORÐNA FÓLKIÐ SKILUR EKKI MENNINGU ÞEIRRA YNGRI

Tæknin hefur breytt menningunni, neyslunni, afþreyingunni, aðgenginu að upplýsingum og almennt flestu sem snýr að daglegu lífi. Aldrei í mannkynssögunni hafa orðið jafn miklar breytingar á tækni og undanfarna áratugi. Upplýsingar eru aðgengilegar öllum stundum. Samskipti hafa breyst og almennt hefur líf okkar

dæmi hafa þeir nemendur sem hefja skólagöngu í fyrsta bekk alist upp við snjalltæki, tölvuleiki og hraða endurgjöf nets og þekkja ekki annað. Þeir hafa alist upp í heimi sem er mörgum fullorðnum framandi. Þarna verða því árekstrar. Margt fullorðna fólkíð skilur ekki menningu þeirra yngri og ætlar nemendum oft það gamla, það

sem það þekkir og hefur virkað að þeirra mati fram að þessu. Slíkt er eðlilegt og ekki endilega neikvætt. Eldra fólk býr yfir þekkingu og reynslu sem það yngra þarf að tileinka sér. Þannig hefur þekking, kunnátta og skilningur færst á milli kynslóða áratugum og árhundruðum saman. En nú lifum við á tímum þar sem yngri kynslóðir hafa tileinkað sér tækni og menningu sem margir af þeim fullorðnu forðast. Margir þeirra eldri upplifa tæknina sem ógn við lífshætti sem hafa þótt góðir og gildir fram að þessu.

Hér er þörf á gagnkvæmri virðingu. Mikilvægt er að nemendur skilji og beri virðingu fyrir því að margir úr hópi hinna eldri þurfa tíma þar sem þeir hafa ekki sömu forsendur og þörf til að lifa og hrærast í hinum stafræna heimi og hinir eldri verða að sama skapi að skilja að það verður að nálgast tæknibreytingar með opnum hug. Innleiðing breyttra kennsluhátta er til þess ætluð að brúa bilið milli hinna eldri og nemenda meðal annars með því að færa skólann til nútíðar og framtíðar.



hugmyndafræðin

Nemendur dagsins í dag og nemendur framtíðar þurfa annað veganesti en þeir nemendur sem útskrifuðust úr grunnskóla fyrir fáum áratugum. Breytingar hafa verið örur undanfarna áratugi og allt annað samfélag bíður nemenda nú en áður. Breytingin felst fyrst og fremst í aðgengi að upplýsingum, breyttum þörfum atvinnulífsins ásamt meðvitund um það að skapandi hugsun er forsenda framfara en ekki nýting náttúruauðlinda fyrst og fremst. Tæknin hefur þarna mikið að segja. Hún hefur að mörgu leyti drifið áfram samfélagslegar breytingar og gert það að verkum að hver og einn er með heiminn í vasanum. Heimurinn hefur minnkað og hægt er að sjá, upplifa og nema á mun skilvirkari og hraðvirkari

fjölmiðli á netinu. Fjölmiðli sem byggir á texta, ljósmyndum og myndböndum og hefur meiri útbreiðslu en t.d. dagblöðin höfðu fyrir nokkrum áratugum. Þar að auki hafa samskiptamiðlar rutt sér til rúms í auknum mæli. Nemendur þekkja flestir til Facebook, Twitter, Snapchat og Instagram svo einhver dæmi séu tekin. Skiptar skoðanir eru um ágæti samskiptamiðla en staðreyndin er að samskipti hafa breyst og munu halda áfram að breytast þar til breytingarnar að lokum leita jafnvægis í einhverju sem enn er óorðið. Sem dæmi er sýndarveruleiki fyrir almenning handan hornsins og sú tækni mun gera það eitt að vaxa og verða að ófyrirséðum hluta af lífi okkar.

ALLT ANNAÐ SAMFÉLAG BÍÐUR NEMENDA NÚ EN ÁÐUR

hátt en áður. Engin þörf er á að kunna að fletta upp í alfræðiorðabókum því til er leitarvélín Google, hægt er að ganga um götur Parísar í sýndarveruleika í stað þess að horfa á ljósmyndir í námsbók o.s.frv. Leiðir til miðlunar eru mun fleiri og aðgengilegri en áður þekktist sem þýðir t.d. að hver og einn getur haldið úti sínum eigin

Hinn stafræni heimur er kominn til að vera. Það er því afar mikilvægt að skólarnir séu í takt við samfélagið og það er markmiðið með innleiðingu breyttra kennsluhátta. Hugmyndafræðin er í sjálfu sér mjög einföld og felst í því að taka fagnandi á móti breytingum sem eru óumflýjanlegar og nota það besta sem ný tækni býður

upp á til að bæta nám, kennslu og menntun til framtíðar.

Hugmyndafræðin með breytingu á kennsluháttum er t.d. að nýta þá kosti sem fylgja tækninni og auknu aðgengi að upplýsingum til að geta betur mætt breyttum þörfum nemenda og samfélagsins. Ætlunin er að efla þátt skapandi starfs, efla frumkvæði nemenda, þroska gagnrýna hugsun, auka samstarf milli nemenda, milli nemenda og kennara, efla þátttöku foreldra og gera nemendur ábyrgari námsmenn og síðast en ekki síst að stórefla þátt þáttökunáms.

Netinu fylgja margar gildirur sem auðvelt er að falla í. Hlutverk hinna fullorðnu er að leiðbeina ungu fólki

framhjá þeim gildrum og þroska ábyrga umgengni á netinu á sama hátt og nemendur fræðast um ábyrgt mataræði eða að varast vímuefni. Ábyrgð felur t.d. í sér að bera virðingu fyrir öðrum og að fara ekki í manninn í stað málefnisins á samskiptamiðlum, að setja ekki inn efni sem særir eða meiðir, að skilja að netið er ekki upphaf og endir alls, að vera gagnrýnin á það efni sem fyrir augu ber og síðast en ekki síst að læra muninn á hinum stafræna heimi og þeim raunverulega. Ætlunin er að ala nemendur upp í sjálfstæði, samhliða ábyrgri hegðun sem þýðir að gerð er krafa um að þeir sinni námi sínu vel, umgangist tækin og tæknina af virðingu, séu opnir gagnvart breytingum og tilbúnir til að skilja að breytingarnar eru þeirra sjálfra vegna.

markmiðin

Fölmörg markmið snúa að nemendum enda eru nemendur sá hópur sem innleiðingin snýst um í grunninn.

Þau helstu eru að:

✿ Námið sé betur sniðið að hverjum og einum hvað varðar áhugamál og getu.

✿ Nemendur hafi meira um nám sitt að segja og séu þar með sjálfstæðari og virkari.

✿ Skólinn sé skemmtilegri, þar ríki meiri gleði og áhugi á námi sem þýðir aukin ábyrgð og betri árangur.

✿ Námsumhverfið sé fjölbreyttara, sem þýðir að nám geti átt sér stað á fleiri stöðum en í kennslustofunni.

✿ Námið færir nær daglegum veruleika nemenda og að það sé byggt á raunhæfum forsendum.

✿ Nemendur séu ábyrgir í hegðun og atferli í hinum stafræna heimi.

✿ Nemendur hafi betra aðgengi að upplýsingum t.d með aðgengi að netinu.

✿ Nemendur læri að deila þekkingu, kunnáttu og færni.

✿ Nemendur tileinki sér þau vinnubrögð sem viðhöfð eru í samfélaginu.

KENNAÁBÖRNUMAÐHUGSA
ENEKKHVAÐPAUJGAÐHUGSA

leiðirnar



Breyttir kennsluhættir miðast fyrst og fremst við nemendur, þ.e. að þeir nemi á fjölbreyttari og merk-ingabærari hátt. Breytingarnar snúast í eðli sínu ekki um kennarana, foreldra eða forráðamenn þó allir þessir hópar verði að leggja sig fram til að innleið-ingin megi takast.

Fyrsta skrefið er að innleiða breytta kennsluhætti. Þörf er á að endurskilgreina nám, menntun og kennslu með það í huga að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir. Hlutverk nemandans er að vinna með kennaranum og samnemendum, styðja við og taka þátt með jákvæðnina að vopni.

Mikilvægt er að nemendur nýti tækin til náms og fylgi almennum umgengnis-

reglum, séu ekki að hala niður óæski-legu efni, taki ekki ljósmyndir og myndbönd þar sem það á ekki við o.s.frv. Öll neikvæð virkni tefur fyrir því að horft sé á tækið sem námstæki, þ.e. orkan fer í annað en ætlast er til.

Líklegt er að breytingarnar taki tíma og að kennarar og forráðamenn séu ekki eins tæknilæsir og færir og nemendur. Þar af leiðandi má leiða líkur að því að nemendur sjái litlar breytingar fyrst um sinn. Nemandans er því að sýna þeim fullorðnu þolinmæði en á sama tíma að fagna breytingum og taka þátt með opnum hug.



Framtíðin

Framtíðar er horft til þess að gera kólakerfið opnara, sveigjanlegra og almennt að fá það til að slá í takt við þarfir samfélagsins.

Markmiðið er að nemendur séu virkir þátttakendur í námsferlinu, horft verður á námsferlið og lokaafurð (t.d. í formi ferilmöppu) í samhengi, nemendur verða sjálfstæðari í þekkingaröflun sinni, þeir vinna fleiri verkefni sem byggja á sjálfstæðum vinnbrögðum og sýna frumleg og skapandi vinnubrögð. Þeir deila þekkingu, kunnáttu og færni með samnemendum heima og erlendis, takast óhræddir á við verkefnin og leysa þau með þeim verkfærum sem þeir búa að en hafa jafnframt sjálfstrauust til að leita nýrra leiða.

sínu vinnustaður, nám er og verður vinna en hafi sú vinna tilgang og merkingu verður námið leikur.

Skipulag náms breytist. Hefðbundnar stundatöflur munu heyrja sögunni til og rými opnast og breytast. Bókasöfn verða margmiðlunarrými, vinnustofur kennara og nemenda flæða saman o.s.frv.

Til þess að ofangreint verði þurfa nemendur að vita að þeim er treyst og þeir þurfa að sýna að hægt sé að treysta þeim. Sjálfstæði fylgir ábyrgð og hana þurfa nemendur að kunna og vilja að hafa með höndum. Námsmarkmið verða til í samvinnu nemanda, kennara og foreldra eða forráðamanna. Nemendum er treyst til að taka ákvarðanir varðandi eigið nám.

NÁM ER VINNA EN HAFI SÚ VINNA TILGANG OG MERKINGU VERÐUR NÁMIÐ LEIKUR

Markmiðið er að allir geti numið, þó ekki endilega á sama hátt eða sama daginn og að nemendur læri að hugsa og taka ábyrga afstöðu byggða á rökum og réttum forsendum.

Með aukinni þátttöku nemenda og meiri virkni verður skólinn skemmtilegri og ánægjulegri. Skóli er í eðli

Nemendur skiptast á upplýsingum og kunnáttu milli árganga, milli skóla og milli landa. Slíkt eykur frumkvæði og sjálfstæði nemenda og um leið samskiptafærni. Lokuð rými þar sem hver hópur eða árgangur nemur óháð öðrum munu heyrja sögunni til. Samvinna er styrkur sem eflir og þroskar nám.

Skólinn er skemmtilegur og kennarar og aðstandendur eru hvetjandi. Nemendur skynja mikilvægi náms og tilgang og leggja sig fram við að ná þeim markmiðum sem sett eru hverju sinni. Skólinn er fyrir nemendur,

opinn og hlýr og sveigjanlegur og tillit er tekið til ólíkra þarfa. Þar getur hver og einn vaxið á eigin forsendum.



þriðji KAFLI

foreldrið og
forráðamaðurinn



staðan

Foreldrar og forráðamenn mynda Finn af hornsteinum skólastarfsins ásamt nemendum og kennurum. Þeir bera samkvæmt lögum (Lög um grunnskóla, 19. grein) ábyrgð á námi barna sinna og þeim ber að fylgjast með námsframvindu þeirra í samvinnu við þau og kennara þeirra.

Eins og með margt annað í samfélaginu hafa foreldrar og forráðamenn breyst sem hópur. Þeir vinna margir störf þar sem tölvusamskipti eru stór hluti af vinnuumhverfinu ásamt því að vera virkir neytendur samskiptamiðla. Þetta þýðir í grunninn tvennt. Annars vegar búum við í þjónustusamfélagi, þ.e. samfélagi sem byggir á minni og sveigjanlegri vinnustöðum og hins vegar þýðir þetta að fólk eru

Skólinn á ekki að vera lokuð stofnun sem birtir fréttir einu sinni í viku með fréttapóstum eða á vefsíðu. Spjaldtölvunar og góðar nettengingar í skólunum bjóða upp á að upplýsingar berist hratt og stöðugt og að myndir séu teknar og atburðum gerð skil, t.d. á Facebook ýmist á meðan hann er að gerast eða örfáum mínútum eftir að honum lauk.

Upplýsingagjöf hefur aukist undanfarin ár hvað varðar skráningar. Almennt séð hefur hegðun nemenda (og einkunnir) orðið sýnilegri sem þýðir að aðstandendur hafa fengið aukin færi á að sinna lögboðnu hlutverki sínu. Með tilkomu vefkerfa á borð við Mentor og Námfús hefur upplýsingaflæðið á afmörkuðu sviði

sumir eru mjög virkir og ábyrgir
meðan aðrir eru það síður

vant því að upplýsingar berist hratt og þær séu aðgengilegar þegar á þarf að halda. Ennfremur er Ísland fjölmenningarlegt samfélag og hér búa einstaklingar frá ólíkum menningarheimum sem hafa ber í huga þegar innleiðing heildstæðrar kennslustefnu stendur yfir.

orðið meira og um leið stafrænt. Foreldrar og forráðamenn barna sitja þar að auki í ýmsum ráðum og nefndum sem tengjast námi, kennslu og menntun í hverjum skóla. Í flestum bekkjum er bekkjarfulltrúi (einn eða fleiri), haldin eru bekkjarkvöld, farið er í ferðalög á vegum foreldra o.s.frv. Aðstandendur hafa því talsverð

tækifæri til að fylgjast með og taka ábyrgð á námi barna sinna ásamt því að hafa fjölmargar leiðir til að vera virkir í starfsemi skólanna. Segja má að samstarf við heimilin sé orðið eðlilegur hluti af námi nemenda en betur má ef duga skal.

Samstarf heimilis og skóla er í flestum tilfellum gott og traust. Aðstandendur vita að þeir eiga og mega óhikað hafa samband við kennara og það gildir í báðar áttir. Engu síður er ýmislegt sem ber að skoða og virkja betur og má þar til að mynda nefna mætingu á viðburði eða fræðslu á vegum skólans eða foreldrasamtaka. Foreldrar og forráðamenn eru einstaklingar og sumir eru mjög virkir og ábyrgir meðan aðrir eru það síður.

Einnig virðist vera fylgni milli aldurs nemenda og virkni forráðamanna en því eldri sem nemendur eru því minni er alla jafna virkni hvað varðar samstarf við skólana og almenn afskipti af náminu. Þessu þarf að breyta.

Vilji skólans og menntayfirvalda er að allir foreldrar og forráðamenn eigi gott samstarf við starfsmenn viðkomandi skóla og að það samstarf sé byggt á trausti og góðri upplýsingagjöf. Mikilvægt er að heimilin séu virk og þar mæti nemendur og námið almennt áhuga og skilningi.

Hugmyndafræðin

Rannsóknir sýna að foreldrar og forráðamenn skipta mjög miklu máli varðandi nám og menntun nemenda.

Gott og skipulagt utanumhald, hlýja, uppbyggjandi agi og skýr vilji skipta miklu. Foreldrar og forráðamenn sem sýna námi og menntun barna sinna áhuga munu uppskera, því öll skilaboð varðandi að leggja beri metn- að í alla vinnu, skila sér að lokum. Jákvæðni og staðfesta skipta afar miklu máli.

Foreldrar og forráðamenn eru sá hópur sem heldur utan um nemendur, fæðir þá, klæðir og elur þá upp. Þar af leiðandi er ljóst að skólinn er fátt án þeirra og gott samstarf milli skóla og heimilis skiptir afar miklu máli.

er í skólunum og þá allir kennarar sem koma að viðkomandi nemanda.

Til að nálgast ofangreint er ljóst að breyting á kennsluháttum dugar ekki ein og sér. Ljóst er að viðhorfsbreytinga er þörf ásamt aukinni upplýsingagjöf um innra starf skólanna. Einnig er stefnt að því að skólinn verði skemmtilegur og þar ríki gleði, að nemendur vilji virkilega mæta í skólann og að þar sé verið að gera raunverulega hluti sem tengjast raunverulegum aðstæðum. Í því ljósi er líklegt að nemendur hvetji foreldra og forráðamenn sína til þátttöku og laði þá þannig inn í skólana.

Kennarar hafa nú fleiri leiðir til samskipta við heimilin, eins og

FORELDRAR OG FORRÁÐAMENN SEM SÝNA NÁMI BARNNA SINNA ÁHUGA MUNU UPPSKERA

Mikilvægt er að traust ríki milli allra aðila. Liður í því er að foreldra og forráðamenn taki þátt í skólastarfinu og sýni því áhuga ásamt því að skólarnir opni á það starf sem unnið er. Eins og staðan er í dag þurfa margir uppálandur að vera virkari varðandi samstarf og samvinnu ásamt því að kennarar þurfa að kynna betur það starf sem unnið

samskiptamiðla, ljósmynda- og myndbandsupptökuvélar í spjaldtölvunni o.fl. Með því að nýta þá miðla sem eru í spjaldtölvunum og þá netið má með auðveldum hætti (t.d. með því að taka ljósmyndir) sýna verkferla í list- og verkgreinum, það má skrásetja vettvangsferðir með markvissari hætti en áður o.s.frv. og um leið fá gögn

til að sýna þegar heim er komið. Þar
að auki er námsumhverfið rafrænt
sem þýðir að aðgengi að gögnum er
stöðugt og t.d. það að týna ljósritum
heyrir væntanlega sögunni til.

Allar forsendur eru til staðar til að
foreldrar og forráðamenn séu upp-
lýstari um starfið í skólanum og
nám barna sinna sem vonandi leiðir
til þess að þeir taka aukinn þátt í
skólastarfinu barnanna vegna.

Markmiðin

Heimilin skipta miklu máli varðandi leiðingu breyttra kennsluhátta. Mikilvægt er að samskipti milli heimilis og skóla séu byggð á trausti og heiðarleik og ástundað sé samtál nemandanum til hagsbóta. Verkefnið er og verður nám og menntun nemandans og þar af leiðandi skiptir miklu máli að milli allra aðila ríki traust og uppbyggileg jákvæðni. Líkt og segir hér að ofan er fjölmargt gert nú þegar en þegar horft er á heildina þá er stefnt að því að:

✦ Skólarnir séu enn opnari varðandi verk nemenda, t.d. með ferilmöppum í öllum list- og verkgreinum og markvissri notkun samskiptamiðla þar sem upplýsingar um námið eru aðgengilegar og sýnilegar.

✦ Auka sköpun og þar með námsgleði, sem skilar sér í auknum áhuga á námi barnanna.

✦ Fylgst sé með námi barnanna og þeim verkefnum sem þar liggja fyrir af lifandi áhuga og metnaði.

✦ Foreldrar og forráðamenn taki þá ábyrgð sem þeir eiga að gera samkvæmt lögum.

✦ Fulltrúi heimilisins mæti á þá viðburði sem boðaðir eru af skólanum eða foreldrafélögum og styðji þannig við nám, menntun og kennslu.

✦ Foreldrar og forráðamenn ali nemendur upp í ábyrgri hegðun í hinum stafræna heimi í samvinnu við skólana.

FORELDRAR OG FORRÁÐAMENN SKILJI AÐ ÞEIR ERU FYRIRMYNDIR

✦ Fá foreldra og forráðamenn meira inn í skólana, t.d. með því að bjóða til kynninga þar sem nemendur kynna tiltekin verkefni.

✦ Skólarnir eigi jákvætt og uppbyggjandi samtál við heimilin varðandi nám og aðra þætti er varða viðkomandi.

✦ Foreldrar og forráðamenn skilji að þeir eru fyrirmyndir og það sem þeir gera og segja varðandi nám, menntun og kennslu skiptir máli varðandi upplifun nemenda.

✦ Skilningur ríki á heimilum á þeirri kennslufræðilegu hugmyndafræði sem skólarnir starfa eftir.



Leiðirnar

Fölmargt má gera og hefur verið gert í gegnum tíðina til að efla samstarf milli heimilis og skóla.

Hér er mikið horft til þeirrar opunar og skráningarmöguleika sem hægt er að virkja með notkun spjaldtölva, myndavélarinnar og nettenginga í skólunum sem ætti að mynda hvata fyrir foreldra og forráðamenn til að taka þátt í skólustarfinu og vera meðvitaðri um námið, menntunina og kennsluna .

Færar leiðir eru að:

✿ Nýta betur myndavélina til að skrásetja nám, t.d. í list- og verkgreinum.

✿ Vinna verkefni sem byggja meira en nú er á virkni nemenda og frumkvæði, þ.e. verkefni sem hafa skýran tilgang.

✿ Þjóða aðstandendum í auknum mæli að koma í skólana og sjá verkefni kynnt.

✿ Nýta betur samskiptamiðla til upplýsingagjafar og samtals sem þýðir sem dæmi að vikulegir póstar detta út og verða óþarfir.

✿ Eiga jákvætt og uppbyggilegt samtal við foreldra þar sem horft er á styrk og getu en ekki á veikleika.

✿ Auka fjölbreytni í námi, efla sköpun og almennt gera skólann að ánægjulegum vinnustað.

✿ Halda úti upplýsingavefnum spjaldtolvur.kopavogur.is þar sem fjölmörgum upplýsingum varðandi innleiðinguna er komið á framfæri.

Framtíðin

Skólinn er mikilvægur. Þar fer fram mótun til framtíðar, mótun sem undirbýr nemendur undir starf og leik í lýðræðissamfélagi. Mikilvægt er að kennarar og foreldrar vinni saman að því að efla og þroska nemendur á sem breiðustum grunni. Til þess þarf að eiga sér samtál milli allra aðila, samtál sem er byggt á trausti og jákvæðni.

Til þess þarf meðvitund. Aðstandendur nemenda þurfa að þekkja starfið í skólunum, vita hvernig námið fer fram, þekkja félag barna sinna og fjölskyldur, skilja markmið og námsleiðir, þeir þurfa að þekkja kennarana og treysta þeim og geta átt uppbyggilegt samtál um leiðir að markmiðum. Til þess þarf skólinn að eiga samstarf við heimilin og öfugt. Opna þarf skólann enn frekar og forráðamenn þurfa að taka meiri þátt í starfinu, t.d. með því að fylgjast betur með, spyrja spurninga, ræða við nemendur og kennara og í raun nema með nemendum.

Til framtíðar er stefnt að frekari samvinnu milli heimilis og skóla. Til að svo verði þarf að efla upplýsingagjöf og gera hana markvissari og skilvirkari. Efla þarf þátttöku aðstandenda í skólastarfinu og gera þeim grein fyrir

að séu þeir meðvitaðir um námið almennt (fylgist með heimanámi, taki þátt í viðburðum á vegum skólans, ræði um námið á jákvæðum nótum við nemandann heima o.s.frv.) skilar það betri líðan nemenda í skólanum sem aftur skilar betri námsárangri.

Mikilvægt er að foreldrar og forráðamenn skilji þá kennslufræðilegu hugmyndafræði sem skólarnir starfa eftir og að samtál milli skólanna og heimilanna sé sem best og mest. Á sama tíma er mikilvægt að sýna stuðning við þá hugmyndafræði og þær leiðir sem skólinn hefur valið til starfa í þágu nemenda. Uppbyggileg og rökstudd gagnrýni er og verður að sjálfsgöðu alltaf velkomin.

Ofangreint næst með því að gera skólastarfið opnara fyrir heimilin. Allt starf þarf að vera sýnilegt og í framtíðinni á ekkert að vera falið. Aðstandendur eiga að geta séð hvað verið er að gera, hvað liggur fyrir og hvert er stefnt. Þeir eiga á sama tíma að finna að skólinn stendur fyrir gleði, jákvæðni og uppbyggingu og fyrst og fremst að skólinn er fyrir nemendur og starfið miðist við þarfir þeirra þeim til velfarnaðar.

FRAMTÍÐINTILHEYRIRÞEIM SEMTRÚAÁDRAUMASÍNA

lokaorð

Önnbörn eru listamenn, vandinn er að viðhalda listinni eftir að fólk verður fullorðið. Þessi orð eru rakin til listamannsins Pablo Picasso og eru í raun kjarni innleiðingarinnar á breyttum kennsluháttum. Markmiðið er að viðhalda og efla þær eðlislægu tjáningarleiðir sem hvert okkar býr yfir.

Hins vegar er það svo að engar hugmyndir eru hafnar yfir gagnrýni. Svo er líka með þær hugsanir og þær ætlanir sem hér hafa birst. Þar sem skólunum er ætlað að vera kvika breytinga er sama að segja um hugmyndafræðina. Hugmyndafræðin að baki skólunum á aldrei að vera rituð í stein. Hana má og á að gagnrýna og leita á leiða til að fara bestu leiðina hverju sinni.

Eins og staðan er í dag er það trú okkar sem stöndum að innleiðingu breyttra kennsluhátta að sú leið sem tíunduð hefur verið hér sé sú besta sem er í boði. Miklar væntingar eru bundnar við það starf sem er framundan í skólum Kópavogs og vonir eru bundnar við að skólarnir verði sá stóri og öflugi hluti af samfélaginu sem þeir eiga að vera. En til að svo verði þarf vinnu og hugrekki. Til þess þarf vilja og staðfestu.

Við trúum því að allir þeir sem standa að skólasamfélaginu í Kópavogi hafi metnað og vilja til að gera betur í dag en í gær og því séum við öll að sigla inn í breytta og betri tíma nemendum og samfélaginu til hagsbóta.

